

Tillaga að lagabreytingum FIMAK 2021, lagt fram á aðalfundi félagsins 2021

Núgildandi lög

3.grein

Einstaklingur getur orðið félagi í FIMAK með eftirgreindum hætti:

- a) Sá sem æfir eða stundar íþróttir hjá félaginu eða tekur þátt í starfi félagsins.
- b) Styrktarfélagi, sbr. gr. 3.1
- c) Heiðursfélagi, sbr. gr. 3.2

Tillaga

3.grein

Einstaklingur getur orðið félagi í FIMAK með eftirgreindum hætti:

- a) *Einstaklingur sem er skráður iðkandi og æfir hjá félaginu.*
- b) *Foreldrar ólögráða iðkenda verða sjálfkrafa félagar og taka virkan þátt í starfi félagsins. Félagsgjaldið er innifalið í æfingagjöldum.*
- c) Styrktarfélagi, sbr. gr. 3.1
- d) Heiðursfélagi, sbr. gr. 3.2

Núgildandi lög

5.grein

Aðalfundur fer með æðsta vald félagsins, en í umboði hans framkvæmir sú stjórn sem á honum er kosin samþykktir hans, gætir þess að félagar haldi lögina og vinni að málefnum félagsins, samanber 6.grein.

Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en í maí ár hvert. Stjórn félagsins boðar til og skipuleggur aðalfundi félagsins. Auk þess getur stjórn boðað til félagsfundar ef a.m.k. 30 félagar óska þess. Ef stjórn er óstarfhæf þá ber formanni/varaformanni að fara þess á leit við ÍBA að það hlutist til um að aðalfundur sé haldinn og sjái um að hann fari fram samkvæmt lögum félagsins.

Allir félagsmenn, 18 ára og eldri, hafa kjörgengi á aðalfundum félagsins og hafa þeir rétt til eins atkvæðis. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi félagsins.

Aðalfundur og félagsfundur skal boðaður opinberlega með minnst fjórtán daga fyrirvara

Framboð til stjórnarsetu er opið þeim félagsmönnum sem eru skuldlausir við félagið., þar til kosning um hana fer fram á aðalfundi.

Beri svo við að ekki náist að klára mál á aðalfundi má boðaður framhaldsaðalfundur. Um boðun hans skal fara eins og um aðalfund, en geta skal þess að um framhaldsaðalfund sé að ræða. Framhaldsaðalfundur skal halda eigi síðar en fjórum vikum eftir upphaf aðalfundar og aldrei síðar en 15. júní.

Tillögur um breytingar á lögum félagsins skal senda stjórn félagsins eigi síðar en 30 dögum fyrir aðalfund. Breytingartillögur skal birta orðrétt með fundarboði aðalfundar. Til breytinga á lögum þarf samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Að öðru leyti ræður afl atkvæða úrslitum mála, nema mælt sé fyrir um annað í samþykktum þessum.

Dagskrá aðalfundar skal vera, sem hér segir:

1. Fundarsetning og ávarp formanns.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Staðfest lögmæti fundarins.
4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
5. Skýrsla aðalstjórnar, framkvæmdarstjóra og nefnda.
6. Reikningar félagsins.
7. Umræður um skýrslur.
8. Reikningar bornir undir atkvæði.
9. Lagabreytingar.
10. Kosning formanns.
11. Kosning stjórnarmanna og 2 varamanna.
12. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga fyrir næsta starfsár
13. Ákvörðun styrktarfélagsgjalda
14. Önnur mál.

Stjórn

Núgildandi lög

5.grein

Aðalfundur fer með æðsta vald félagsins, en í umboði hans framkvæmir sú stjórn sem á honum er kosin samþykktir hans, gætir þess að félagar haldi lögin og vinni að málefnum félagsins, samanber 6.grein.

Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en í maí ár hvert. Stjórn félagsins boðar til og skipuleggur aðalfundi félagsins. Auk þess getur stjórn boðað til félagsfundar ef a.m.k. 30 félagar óska þess. Ef stjórn er óstarfhæf þá ber formanni/varaformanni að fara þess á leit við ÍBA að það hlutist til um að aðalfundur sé haldinn og sjái um að hann fari fram samkvæmt lögum félagsins.

Allir félagsmenn, 18 ára og eldri, hafa kjörgengi á aðalfundum félagsins og hafa þeir rétt til eins atkvæðis. Skilyrði eru að hafa greitt félagsgjald. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi félagsins.

Aðalfund og félagsfund skal boða opinberlega með minnst fjórtán daga fyrirvara

Framboð til stjórnarsetu er opið þeim félagsmönnum sem eru skuldlausir við félagið., þar til kosning um hana fer fram á aðalfundi.

Beri svo við að ekki náist að klára mál á aðalfundi má boða til framhaldsaðalfundar. Um boðun hans skal fara eins og um aðalfund, en geta skal þess að um framhaldsaðalfund sé að

ræða. Framhaldsaðalfund skal halda eigi síðar en fjórum vikum eftir upphaf aðalfundar og aldrei síðar en 15. júní.

Tillögur um breytingar á lögum félagsins skal senda stjórn félagsins eigi síðar en 30 dögum fyrir aðalfund. Breytingartillögur skal birta orðrétt með fundarboði aðalfundar. Til breytinga á lögum þarf samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Að öðru leyti ræður afl atkvæða úrslitum mála, nema mælt sé fyrir um annað í samþykktum þessum.

Dagskrá aðalfundar skal vera, sem hér segir:

1. Fundarsetning og ávarp formanns.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Staðfest lögmæti fundarins.
4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
5. Skýrsla aðalstjórnar, framkvæmdarstjóra og nefnda.
6. Reikningar félagsins.
7. Umræður um skýrslur.
8. Reikningar bornir undir atkvæði.
9. Lagabreytingar.
10. Kosning formanns.
11. Kosning stjórnarmanna og 2 varamanna.
12. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga fyrir næsta starfsár
13. *Ákvörðun félags- og styrktarfélagsgjalda*
14. Önnur mál.

Stjórn